



D Ó M U R

11. febrúar 2014

Mál nr. E-170/2013:

Stefnandi: Fúsi ehf

(Teitur Björn Einarsson hdl.)

Stefndi: Skipalyftan ehf.

(Finnur Magnússon hdl.)

Dómari: Sigurður G. Gíslason héraðsdómari.

Ár 2014, þriðjudaginn 11. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr. E-170/2013:

Fúsi ehf.

(Teitur Björn Einarsson hdl.)

gegn

Skipalyftunni ehf.

(Finnur Magnússon hdl.)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. janúar sl., er höfðað með stefnu birtri 30. maí 2013.

Stefnandi er Fúsi ehf., kt. 000000-0000, Miðtúni 6, Sandgerði.

Stefndi er Skipalyftan ehf., kt. 000000-0000, Eiði, Vestmannaeyjum.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefndi greiði stefnanda kr. 10.010.000,- auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 8. júlí 2011 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti úr hendi stefnda samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við aðalmeðferð gáfu skýrslur Sigfús Þórhallur Gunnarsson framkvæmdastjóri stefnanda, Ólafur Friðriksson tæknifræðingur og stjórnarmaður stefnda, Friðrik Björgvinsson fyrrverandi verkefnastjóri Vestmannaeyjabæjar, Ólafur Þór Snorrason framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar, Árni Baldvin Sigurpálsson verstjóri hjá stefnanda og Aðalsteinn Þórðarson dómkvaddur matsmaður.

Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Málavextir

Stefndi Skipalyftan ehf. var verktaki við enduruppbyggingu á upptökumannvirkjum í Vestmannaeyjabæ og gerði samning við Vestmannaeyjabæ þess efnis. Stefnandi tók að sér verkefni fyrir stefnda vorið 2010 sem undirverktaki. Verkið sem stefnandi tók að sér fólst í sandblæstri og málningu á skipalyftu í tengslum við þann þátt endurbyggingarinnar. Fyrir liggur upplýsingabæklingur um verkið frá því í mars 2010 þar sem verkinu er að einhverju leyti lýst, en hvorki kemur þar fram hvenær hefja skyldi verkið, hvenær því skyldi lokið né heldur magntölur.

Stefndi kveður að um hafi verið að ræða mikilvægt atvinnu- og byggðamál fyrir Vestmannaeyjar þar sem miklu hafi skipt að hægt væri að taka togara í skipalyftu og veita tilheyrandi þjónustu. Upptökumannvirkin hafi skapað umtalsverða atvinnu í byggðarlaginu og því mörg fyrirtæki unnið að uppbyggingunni. Verktími einstakra verkhluta hafi miðast við að uppbyggingin truflaði ekki verkefnastöðu viðkomandi fyrirtækja. Því hafi verið ljóst að verkið tæki umtalsverðan tíma og að verklok yrðu ekki miðuð við tiltekna dagsetningu. Öllum sem komu að framkvæmdinni hafi verið þetta kunnugt.

Aðilar eru sammála um að stefnandi hafi gert skriflegt tilboð í verkið upp á kr. 30.000.000 með tilteknu einingaverði per fermetra. Kveður stefnandi að tilboðið hafi svo hækkað um 1.110 kr/m² því stefndi hafi beðið um aukþykkt á málningu.

Stefndi lýsir því í málavaxtalýsingu sinni að aðdragandi tilboðs stefnanda hafi verið sá að vorið 2010, þegar framkvæmdir hafi verið vel á veg komnar, hafi stefndi leitað til stefnanda, en það hafi legið beint við þar sem stefnandi hafi þá nýlokið vinnu fyrir stefnda í m/s Álsey VE 2 í Vestmannaeyjum og verið því með búnað og tækjakost í Vestmannaeyjum. Tilboðið hafi verið í sandblástur og málningu þriggja stálgrindarbita, en þar sé um að ræða það verk sem mál þetta varðar. Stefnandi hafi sjálfur framkvæmt allar nauðsynlegar mælingar sem legið hafi til grundvallar tilboðinu. Samþykkt tilboð hafi hljóðað upp á 30.000.000 kr. án vsk., án tillits til verktíma. Hafi stefndi samþykkt tilboð stefnanda og hafi báðum aðilum verið ljóst að verkið skyldi unnið án þess að tiltekinn væri lokadagur þess en unnið skyldi eftir aðstæðum, mannskap og veðri.

Stefnandi kveður að aðalverk hans fyrir stefnda hafi því alls verið upp á kr. 32.775.000 og hafi það átt við hluta af stálvirki skipalyftunnar sem ýmist hafi verið nefndir bitar eða grindur.

Kveður stefnandi að áætlun stefnanda hafi gert ráð fyrir 1.700 klst. í verkið á 45 dögum og hafi allar forsendur verið reiknaðar miðað við að verktíminn væri frá júní 2010 til septemberloka sama ár. Þá hafi einnig aðrir hlutar á stálvirki skipalyftunnar, svo sem undirstöður, spil, girar, mótórar o.þ.h., verið sandblásnir og málaðir en þau verk hafi verið aukaverk og ekki hluti af tilboði í aðalverkið og reikningar fyrir þau verk gjaldfærð sérstaklega á reikningum.

Stefndi kveður að þar sem verkið hafi reynst umfangsmeira en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi hafi verið greiddar aukaeiningar á grundvelli sömu verða, samtals 13.949.850 kr. án vsk. Verkinu hafi lokið að fullu í apríl 2011 og hafi þá stefnandi fengið greitt af hálfu stefnda samtals 43.949.850 kr. án vsk.

Í umræddu tilboði, sem aðilar eru sammála um að hafi verið grundvöllur samnings aðila, segir ekkert um verk tíma eða neitt um forsendur tilboðsins, en aðeins er lýst magntölum og einingaverðum.

Stefndi kveður að tilboð stefnanda hafi grundvallaðist á einingarverðum þar sem allur tilfallandi kostnaður hafi átt að vera innifalinn, svo sem flutningur á tækjum og efni auk gistingar og fæðis starfsmanna. Enginn fyrirvari hafi verið gerður um forsendur þeirrar hugsanlegu kostnaðaráætlunar sem að baki útreikningum stefnanda hafi legið.

Eru aðilar sammála um að ekki hafi verið gerður milli þeirra annar skriflegur samningur. Stefndi kveður að á fyrsta verkfundi stefnanda og stefnda hafi komið fram hjá stefnda að vegna útboðsreglna Vestmannaeyjabæjar mætti ekki semja um meira en kr. 10.000.000.- fyrir hvert verk og stefndi því ekki jafnframt viljað gera skriflegan verksamning við stefnanda af þeim sökum. Hefur stefndi mótmælt þessu sem ósönnuðu.

Alls gaf stefnandi út 20 reikninga til stefnda, á tímabilinu frá 30. júní 2010 til 2. apríl 2011, vegna vinnu við stálvirki skipalyftunnar fyrir aðal- og aukaverk, alls að fjárhæð kr. 41.906.950 án vsk. Auk þess gaf stefnandi út reikning 16. febrúar 2011, að fjárhæð kr. 2.042.900 án vsk, sem stefndi og Hafnarsjóður Vestmannaeyjabæjar hafi skipt með sér en um hafi verið að ræða annað verk ótengt verksamningi aðila. Við uppgjör síðastgreinds reiknings kveðst stefndi hafa talið að stefnandi hefði þá þegar fengið greitt umfram samning aðila.

Verkið hófst 24. júní 2010 og kveður stefnandi að sú verkáætlun hafi verið lögð til grundvallar að verkinu skyldi ljúka í september 2010, enda hafi það verið ætlun stefnda að byrja að nota skipalyftuna um áramótin 2010/2011. Því hafi verið lögð mikil áhersla á það af hálfu stefnda að verkinu yrði lokið um haustið 2010. Þegar hafi liðið fram í septembermánuð 2010 hafi verið orðið ljóst að ekki væri raunhæft að ljúka verkinu á þeim tíma sem stefnt hafi verið að og hafi tafirnar allar verið vegna stefnda sem hafi ekki afhent stefnanda hluta af verkinu á réttum tíma. Ekki kannast stefndi við þá verkáætlun sem stefnandi vísar til að verkinu skyldi ljúka í september 2010.

Kveður stefnandi að stefndi og Vestmannaeyjabær hafi lagt á það mikla áherslu að stefnandi myndi ljúka verkinu og sannfært stefnanda um að hann fengi önnur verk frá stefnda og Vestmannaeyjabæ þannig að stefnandi gæti haldið mannskap og tækjum úti án þess að verða fyrir tjóni. Það hafi hinsvegar ekki gengið eftir eftir nema að mjög litlu leyti og stefnandi hafi þurft að halda úti mönnum og tækjum í 10 mánuði í staðinn fyrir 3 eins og áætlanir hafi gert ráð fyrir og verkinu því ekki lokið fyrr en í apríl 2011.

Stefnandi kveðst hafa upplýst stefnda reglulega um tafir á verkinu og skráð í dagsskýrslur sem hafi verið afhentar stefnda á verkfundum sem yfirleitt hafi farið fram einu sinni í viku. Upplýst hafi verið að tafir á verkinu hafi verið vegna þess að stefndi hafi seinkað afhendingu á hlutum í skipalyftunni til sandblásturs og málunar.

Í 4. fundargerð verkstöðufundar stýrihóps hjá stefnda og Vestmannaeyjabæ þann 25. ágúst 2010 kemur fram m.a. *“Eftir þessa yfirferð var farið yfir verkáætlanir þar sem verkið er á eftir áætlun, það sem varð að samkomulagi að hraða allri vinnu við stálviðgerðir eins og hægt er og ljúka þeim sem fyrst, því það er ekki sjálfgefið að við höfum veður fyrir sandblástur þegar líða fer á haustið.”*

Í lok ágúst 2010 kemur fram í dagskýrslum stefnanda að einungis hafi verið lokið um 40% af sandblæstri á grindum og bitum og kveður stefnandi stefnda ekki hafa afhent frekari verk fyrr en í lok október 2010, eftir þá tveggja mánaða hlé í afhendingu hluta af verkinu. Þá hafi tvær grindur verið afhentar til sandblásturs. Hafi framkvæmd verksins verið með svipuðum hætti fram allan veturinn. Stefndi hafi afhent hluta af verkinu en erfiðlega gengið að sandblása og mála sökum veðurs. Í byrjun apríl hafi stefnandi svo loks lokið verkinu.

Stefnandi kveður að eftir lok verksins hafi stefnandi átt í viðræðum við forsvarsmenn stefnda og Vestmannaeyjabæ um uppgjör vegna þess kostnaðar sem stefndi hafi orðið fyrir vegna tafanna og sent í kjölfarið á þeim viðræðum reikning til stefnda 8. júní 2011 upp á kr. 10.040.000 með vsk. Um hafi verið að ræða tilboð af hálfu stefnanda til að ljúka málinu. Reikningurinn var ekki samþykktur af stefnda og var endursendur. Í reikningnum var tilgreint að hann væri vegna *„aukakostnaðar vegna tafa og lengingu verks vegna Skipalyftu“*. Á reikningnum kom fram að hann væri vegna 2.500 eininga og að einingarverð hverrar einingar væri 3.200 kr. Engin útskýring eða sundurliðun fylgdi reikningnum, þ.á m. hvort reikningurinn byggði á samningi aðila eða hvort um skaðabótakröfu væri að ræða.

Stefndi kveður verkið hafa verið unnið í hlutum og eftir hvern verkhluta hafi stefnandi skilað verkstöðureikningum og fengið greitt samkvæmt þeim. Fyrsti reikningur stefnanda til stefnda var dagsettur 30. júní 2010 og sá síðasti 2. apríl 2011. Kveður stefndi að reikningar hafi ávallt verið greiddir á réttum tíma, í samræmi við framvindu verksins og án tillits til þess hvenær greiðslur bárust til stefnda vegna verksins.

Með bréfi dags. 12. október 2011 bauð lögmaður stefnanda stefnda að „gera bæturnar upp“ með kr. 12.901.400 samkomulagsgreiðslu. Kveður stefnandi að það tilboð hans hafi fyrst og fremst snúist um beint tjón vegna aukins kostnaðar við að halda mannafla og tækjum lengur í Vestmannaeyjum, auk lögfræðikostnaðar. Ekki hafi verið gerð krafa um tjón vegna hagnaðarmissis eða rekstrartjóns. Lögmaður stefnda hafnaði tilboðinu með bréfi dags. 11. nóvember 2011 og sendi lögmaður stefnanda þá annað bréf dags. 22. nóvember sama ár, en því bréfi svaraði lögmaður stefnda með bréfi dags. 19. desember 2011 og tók fram að málinu væri lokið af hálfu félagsins.

Með matsbeiðni, dags. 6. mars 2012, fór stefnandi fram á að dómkvaddur yrði óvilhallur matsmaður til að meta „tjón stefnanda vegna tafa sem urðu á verksamningi um vinnu við skiptalyftu í Vestmannaeyjum á tímabilinu júní 2010 til apríl 2011“. Aðalsteinn Þórðarson, efnaverkfræðingur, var dómkvaddur til verksins af Héraðsdómi Reykjavíkur þann 30. mars 2012. Var matsmaður beiðinn um að leggja mat á eftirfarandi atriði:

1. „Hvert var beint tjón matsbeiðanda þar sem verkið tafðist frá september 2010 til apríl 2011?
2. Hvert er rekstrartjón matsbeiðanda af því að endurheimta ekki tæki og vinnuafla frá Vestmannaeyjum fyrr en í apríl 2011.
3. Hvert var raunvirði verksamningsins miðað við verktíma.
4. Hvað er sanngjarnt endurgjald fyrir vinnu og útlagðan kostnað matsbeiðanda?
5. Hver er áætlaður tímafjöldi við vinnu á verkinu.
6. Hver var aukinn kostnaður matsbeiðanda vegna tafa á verkinu frá september 2010 til apríl 2011, til dæmis vegna launa-, húsnæðis-, fæðis, ferða-, flutningskostnaðar o.s.frv.“

Matsgerð hins dómkvadda matsmanns hefur verið lögð fram í málinu og er það niðurstaða matsmanns að kostnaður stefnanda vegna framlengingar á verkinu til apríl 2011 sé í samræmi við kröfu stefnanda á umframkostnaði vegna tafa í skiptalyftunni, alls kr. 10.010.000 án virðisaukaskatts.

Kveður stefndi matsmann hafa haldið matsfund í Vestmannaeyjum þann 2. maí 2012. Á matsfund hafi verið mættir lögmennt og fulltrúar beggja aðila svo og lögmaður Vestmannaeyjarbæjar. Hafi lögmaður stefnanda þá lagt fram dagskýrslur vegna verksins í fyrsta skipti, en auk þess hafi lögmaður stefnda lagt fram athugasemdir við matsbeiðni. Á fundinum hafi matsmaður beint spurningum til aðila, auk þess sem hann hafi óskað eftir viðbótargögnum um einstök atriði. Í lok matsfundar hafi komið fram að matsmaður hygðist boða aðila til annars matsfundar „og kynna [...] heildarsýn yfir verkið, áður en hann hefjist handa við lokafrágang á matsgerðinni.“ Að fundi loknum hafi báðir aðilar sent matsmanni tölvupósta. Lögmaður stefnanda hafi óskað eftir því að koma að frekari gögnum og skýringum til matsmanns, en lögmaður stefnda óskað eftir því að fá afrit allra framlagðra gagna þannig að unnt væri að gera athugasemdir ef tilefni væri til. Í þessum tölvupóstsamskiptum hafi matsmaður áréttað að hann hygðist halda matsfund áður en hann skrifaði matsgerðina.

Enginn matsfundur var hins vegar haldinn af hálfu matsmanns eftir þetta og kveðst stefndi ekkert hafa heyrt af málinu fyrr en 8. janúar 2013 þegar afrit matsgerðarinnar hafi verið sent lögmanni stefnda.

Með bréfi, dags. 25. febrúar 2013, sendi lögmaður stefnanda tilboð til stefnda um að ljúka málinu með greiðslu á kr. 8.000.000 til stefnanda og var því svarað og hafnað með bréfi, dags. 11. mars 2013.

Stefnandi kveður kröfu sína vera um skaðabætur í samræmi við niðurstöðu matsgerðar og á grundvelli þeirra forsendna sem fram koma í matsgerð. Er dómkrafan sundurliðuð þannig:

Launakostnaður umfram áætlun:	8.300.000.-
Húsaleiga umfram áætlun:	810.000.-
Fæðiskostnaður umfram áætlun:	670.000.-
Ferðakostnaður umfram áætlun:	230.000.-
Samtals án vsk.	10.010.000.-

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á því að hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að verkið sem hann hafi tekið að sér að vinna fyrir stefnda hafi tafist af ástæðum sem rekja megi til stefnda. Orsök tafanna sé atvik sem stefnanda verði ekki kennt um heldur beri stefndi ábyrgð á því að hafa ekki afhent verkið til stefnanda á umsömdum verktíma sem hafi verið frá júní 2010 til loka september sama ár.

Vegna vanefnda stefnda hafi stefnandi ekki getað ráðist í samningsbundnar framkvæmdir við að sandblása og mála bita og grindur skipalyftunnar eins og áformað hafi verið.

Vegna þeirra tafa sem hafi orðið á verkinu hafi stefnandi orðið fyrir miklu tjóni. Tjónið felist í auknum kostnaði sem hafi farið umfram áætlun, þ.e. launa-, húsnæðis-, fæðis-, ferða- og flutningskostnaði. Krafa stefnanda byggji þannig á skaðabótum innan samninga vegna þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna vanefnda stefnda.

-

I.

Kveður stefnandi að stefndi beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þeirra tafa sem hafi orðið á afhendingu á verkinu til stefnanda. Stefnandi hafi mátt og orðið að geta treyst því að verktíminn sem tilboð stefnanda og verkáætlun hafi miðast og sem samið hafi verið um við stefnda, myndi standast. Sá kostnaðarauki sem stefnandi hafi orðið fyrir feli í sér tjón sem leitt hafi af því að stefndi hafi ekki efnt loforð sitt um verkáætlun sem samið hafi verið um og stefnandi hafi haft

réttmætar væntingar um að myndi standast. Gildi einu hvort svo verði litið á, að um sé að tefla kostnaðarauka stefnanda vegna verksins eða tjón hans.

Vanefnd stefnda felist í því að hafa ekki afhent stefnanda verkið á umsömdum verk tíma. Af dagskýrslum stefnanda, sem stefnandi hafi afhent stefnda reglulega, megi ráða að verulega hafi dregið úr framvindu verksins í ágúst 2010 þar sem stefnandi hafi ekki komist í að mála bita og grindur skipalyftunnar vegna tafa hjá stefnda. Í september 2010 hafi enn dregið úr framvindu verksins þar sem einungis ein grind af stálvirki skipalyftunnar hafi verið afhent undir málun. Í lok október 2010 hafi hlutar verksins svo verið afhentir eftir nær tveggja mánaða stöðvun á afhendingu verksins. Af greiðsluflæði reikninga megi jafnframt ráða að einungis hafi 40% verið lokið af verkinu í lok september 2010 þegar verkinu hafi átt að vera lokið samkvæmt verksamningi.

Eftir því sem afhending á verkinu hafi dregist á langinn fram á haustið hafi orðið æ erfiðara fyrir stefnanda að athafna sig við framkvæmdina. Vinnudagurinn hafi styst og allar veðurfarslegar aðstæður orðið erfiðari. Komi skýrlega fram í dagskýrslum stefnanda að erfiðleikar hafi verið við að sandblása og mála stálvirki skipalyftunnar vegna slæms veðurfars.

Kveður stefnandi það ekki standast að enginn fastur tími hafi verið ákveðinn á verklokum. Í fyrsta lagi hafi stefnda mátt vera ljóst að stefnandi hafi miðað tilboð sitt við ákveðna verkáætlun sem hafi falið í sér að verktíminn fyrir sandblástur og málun á stálvirki skipalyftunnar ættu sér stað frá júní til loka september 2010. Kveður stefnandi að ef ekki hefði verið miðað við fastan tíma þá hefði stefnanda ekki verið unnt að gera tilboðið enda meginatriði í verktakarétti að verktaki geti reiknað út kostnað við framkvæmd verksins. Í öðru lagi bendi gögn málsins til þess að stefndi hafi sjálfur á verkstöðufundi í lok ágúst 2010 gert sér grein fyrir að verkið væri á eftir áætlun. Sé það í samræmi við þá áherslu sem stefndi hafi lagt á við stefnanda í upphafi verktímans að byrja ætti að nota skipalyftuna um áramótin 2010/2011. Í þriðja lagi megi lesa í ályktun bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, dags. 22. október 2009, að miðað hafi verið við að endurbygging upptökumannvirkja skipalyftu Vestmannaeyjahafnar yrði lokið á árinu 2010. Samkvæmt því fái það ekki staðist að verkkaupinn Vestmannaeyjabær hafi samið um ótilgreind verklok á endurbyggingunni.

II.

Þá kveðst stefnandi byggja á því að stefndi beri ábyrgð á tjóni stefnanda vegna þess að stefndi hafi, með því að afhenda stefnanda ekki allt verkið á réttum tíma, stöðvað þar með framkvæmdir verksins. Stöðvun verksins hafi alfarið verið á ábyrgð stefnda. Verksamningur aðila hafi ekki gert ráð fyrir stöðvun á verkinu. Þá hafi stöðvun á verkinu ekki verið í tengslum við rétta framkvæmd á verkinu né hafi stöðvun verið þörf vegna öryggismála eða slíkra atriða.

Ef verkkaupi stöðvi framkvæmdir þá eigi verktaki rétt á greiðslum fyrir þau aukagjöld sem af stöðvuninni leiðir. Þessi regla hafi stoð í langri venju á sviði verktakaréttar, en um það vísar stefnandi einkum til almennu útboðs- og samningsskilmálanna ÍST 30, grein 25.2.

III.

Þá byggir stefnandi jafnframt á að það sé ósanngjarnt af hálfu stefnda að bera fyrir sig að enginn fastur verklokátími hafi verið á verkinu og að stefndi geti af þeim sökum tafið framkvæmdir með því að afhenda stefnanda ekki verkið á réttum tíma. Sé það ósanngjarnt vegna þess mikla kostnaðarauka sem af þessu hafi leitt fyrir stefnanda. Þá sé ljóst að ef enginn fastur verklokátími teljist hafa verið á verkinu að forsendur tilboðs stefnanda bresti. Því beri að víkja þeim atriðum í verksamningi aðila til hliðar eða breyta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Kveður stefnandi að þessi málsástæða byggji líka á túlkunarreglu verktakaréttar um að leitast skuli við að koma í veg fyrir, að annar aðili geti byggt rétt á verksamningi, sem telja verði ósanngjarnan eða óhæfilega íþyngjandi gagnvart viðsemjanda hans.

Stefnandi vísar jafnframt til þess að stefndi sem verkkaupi verði að bera hallann af því að hafa ekki kveðið skýrt á um verktíma og verkáætlun í útboðsgögnum eins og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 65/2993 kveði á um.

Um lagarök kveðst stefnandi vísa til meginreglna samninga- og kröfuréttar. Þá sé byggt á meginreglum verktakaréttar, reglum um skyldu til greiðslu skaðabóta innan samninga vegna vanefnda gagnaðila á samningsskuldbindingum sínum. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við 9. gr., sbr. [1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu](#).

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á [1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála](#).

Málsástæður og lagarök stefnda

Almennt kveðst stefndi mótmæla öllum málsástæðum stefnanda sem röngum og ósönnuðum og byggir á því að samkomulag aðila hafi verið efnt að fullu af hálfu stefnda.

Stefndi kveðst hafna þeirri málstæðu stefnanda að reikningur sá sem stefnandi gaf út 8.

júní 2011 sé í raun krafa um skaðabætur, en það hafi fyrst komið fram í stefnu.

Stefndi byggir á því að bótagrundvöllur sé ekki fyrir hendi í málinu, engar skráðar eða óskráðar lagareglur leiði til þess að stefnandi eigi rétt til skaðabóta úr hendi stefnda. Stefndi hafi ekki vanefnt samning aðila svo leitt hafi til tjóns fyrir stefnanda, ekki sé sýnt fram á orsakasamband milli meintrar vanefndar og meints tjóns auk þess sem ekki sé sýnt fram á að hið meinta tjón sé sennilega afleiðing

vanefnda stefnda. Þá sé matsgerð þeirri sem stefnandi aflaði alfarið hafnað sem ónothæfri þar gerð hennar hafi verið í andstöðu við IX. kafla laga nr. 91/1991 auk þess sem hún geti ekki með nokkru móti staðið til sönnunar á tjóni stefnanda.

Þá hafi stefnandi ekki sannað að stefndi hafi vanefnt samning aðila og að meintar vanefndir hafi valdið stefnanda fjártjóni. Líta beri til þess að stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að samningur aðila hafi verið vanefndur og að hann hafi orðið fyrir tjóni. Slíkt liggi ekki fyrir í málinu. Jafnvel þó slíkt tjón væri fyrir hendi kveðst stefndi ekki telja það á sína ábyrgð enda virðist stefnandi ekki hafa sinnt þeirri skyldu að takmarka tjón sitt. Bendir stefndi á að í málinu sé deilt um ákvæði munnlegs samnings. Slíkir samningar séu jafngildir skriflegum samningum í íslenskum rétti. Verði hins vegar ágreiningur milli aðila um ákvæði slíks samnings sé sönnunarbyrðin lögð á þann sem haldi fram frekari rétti en aðilar séu sammála um. Slík sönnunarbyrði sé á stefnanda og hafi hann í engu lagt fram gögn sem undirbyggi málatilbúnað hans.

Að frágengnum ofanlýstum málsástæðum sem stefndi tilgreinir sem almennar eru málsástæður stefnda númeraðar og kaflaskiptar og verður þeirri framsetningu haldið hér.

Um stofnun verksamnings aðila og efni hans

-

1. Stefndi byggir á því að stefnandi sé bundinn af þeim samningi sem aðilar gerðu á grundvelli tilboðs stefnanda. Verksamningar séu ekki formbundnir fremur en samningar almennt í íslenskum rétti og því jafngildir hvort heldur þeir séu munnlegir eða skriflegir. Stefnandi hafi gert stefnda fast tilboð, þ.e. tilboð um að verkið yrði unnið fyrir tiltekna ákveðna peningagreiðslu. Tilboðið hafi verið gert á forsendum stefnanda og á grundvelli eigin mælinga stefnanda sem hafi byggst á sérþekkingu hans. Stefndi hafi tekið tilboðinu og engar breytingar gert á því og hafi því stofnast samningur á milli aðila í samræmi við tilboð stefnanda. Í tilboði stefnanda hafi engir fyrirvarar verið gerðir um verktíma. Fullyrðingum stefnanda um annað sé hafnað sem röngum og ósönnuðum.

2. Stefnandi beri alfarið hallann af því að hafa ekki útbúið skriflegan samning eða sett aðrar forsendur fram skriflega sem kunni að hafa legið að baki tilboðsgerð hans. Fjárhæð sú sem stefnandi krefji stefnda um sé langt umfram umsamið verð og hafi stefnandi misreiknað tilboðsfjárhæðina í upphafi verði hann að bera hallann af slíkum útreikningum. Kveður stefndi að ekki sé unnt á síðari stigum að setja frekari kröfur fram í búningi skaðabóta, ekki síst þegar ekkert samningsbrot sé til staðar af hálfu stefnda.

3. Í stefnu komi fram að áætlun stefnanda hafi gert ráð fyrir 1.700 klst. í verkið á 45 dögum og allar forsendur hafi verið reiknaðar miðað við að „verktíminn væri frá júní 2010 til septemberloka sama ár“. Í framlagðri matsgerð komi þó fram að áætlun stefnanda hafi gert ráð fyrir 2.880 klst. Væri með því gert ráð fyrir 64 vinnustundum á sólarhring.

4. Hvorki við tilboðsgerð né síðar hafi stefnda verið kynnt nefnd áætlun stefnanda og því ókunnugt um þær forsendur sem hafi hugsanlega legið að baki tilboðsgerð hans. Mótmælir stefndi því að slík áætlun hafi nokkurt gildi og telur fráleitt að hún hafi sönnunargildi fyrir verktíma. Staðreyndin sé sú að milli stefnanda og stefnda hafi ekki verið samið um fastan verktíma, hvorki skriflega né munnlega, heldur skyldi verkið unnið á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til annarra verka sem þyrfti að vinna á sama tíma.

5. Stefndi hafnar sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum um að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um verkið vegna útboðsreglna Vestmannaeyjabæjar. Vísar stefndi til þess að samningur stefnanda og stefnda hafi ekki verið útboðsskyldur, sbr. 3. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Um framkvæmd og framvindu verks

6. Ljóst sé að ekki hafi verið samið um verktíma í upphafi verksins en vinna við verkið hafi hafist 24. júní 2010 og lokið 2. apríl 2011. Í stefnu komi fram að verkáætlun stefnanda hafi verið lögð til grundvallar því að verkinu „skyldi ljúka í september 2010“. Kveðst stefndi hafna þessum forsendum stefnanda, annars vegar með vísan til þess sem fram sé komið um að ekki hafi verið samið um föst verklok, og hins vegar með vísan til þess að umrædd verkáætlun hafi ekki verið lögð fram og stefnda því alls ókunnugt um hana.

7. Óumdeilt sé að framvinda verksins hafi verið hægari eftir því sem leið á haustið 2010, en við því hafi mátt búast þar sem veður geti verið með ýmsu móti hér á landi. Vegna þessa hafi stefnandi til dæmis óskað eftir því að komið yrði upp tjaldi til þess að verjast veðuraðstæðum á vinnusvæðinu. Tjald hafi verið keypt en hvorki sett upp né notað af hálfu stefnanda þar sem hann hafi farið fram á að þeir hlutir sem kæmust á vörubíl hans yrðu fluttir til Sandgerðis og unnir þar. Fyrir þann flutning hafi Hafnarsjóður greitt beint til stefnanda 700.000 kr. auk vsk., en fyrir tjaldið hafi verið greiddar um 300.000 kr. af sama aðila. Stefndi telur lengd verktíma orsakast af eðlilegum ástæðum sem hann geti ekki borið ábyrgð á enda hafi verið gert ráð fyrir því í upphafi að veður gæti sett strik í reikninginn.

8. Stefnandi hafi fyrst á matsfundi þann 2. maí 2012 lagt fram dagskýrslur svo unnt væri að staðreyna framvindu verksins. Í framlögðum dagskýrslum sé varla minnst á tafir fyrr en 2/3 séu liðnir af hinum meinta verktíma, eða í byrjun september. Stefndi bendir á að skýrslur þessar séu ekki undirritaðar af stefnda og telur stefndi þær því hafa takmarkað sönnunargildi í málinu. Margvíslegar athugasemdir megi gera við skráningar í framlögðum dagskýrslum. Sem dæmi megi nefna skýrslu fyrir 5. júlí 2010 þar sem skráð sé að farið hafi að rigna og því hafi sandblæstri verið hætt. Þrátt fyrir þessar veðurfarsaðstæður séu skráðar 10 vinnustundir á þrjá aðila eða þrjátíu vinnustundir í allt. Mörg dæmi séu um slíkar skráningar. Í skýrslu 13. júlí séu skráðar 40 vinnustundir (4 starfsmenn x 10 klst.) vegna „farið með Herjólfri suður“. Í næstu skýrslu frá 19. júlí 2010 séu svo skráðar 30 vinnustundir vegna „farið með Herjólfri til Vestmannaeyja með seinniferð“. Alls séu því skráðar 70 vinnustundir dagana 13.-19. júlí vegna ferða með Herjólfri. Þá komi fram í skýrslu frá 22. júlí 2010 að vinnu hafi verið hætt kl. 14:00 vegna rigningar og að starfsmenn hafi farið með Herjólfri kl. 17:00. Þrátt fyrir að engin vinna hafi þannig átt sér stað eftir kl. 14:00 séu þar tilgreindar 12 klst. í vinnu fyrir hvern starfsmann. Aukin heldur bendir stefndi á skýrslu frá 12. ágúst 2010 þar sem fram komi „Rigning ekkert hægt að gera, farið suður kl 14“, en allt að einu séu skráðar 12 klst. á tvo starfsmenn stefnanda, samtals 24 klst.

9. Með vísan til þessara dæma kveður stefndi færslur stefnanda á dagskýrslum haldlausar og telur að þær gefi til kynna að dráttur hafi orðið framkvæmd verksins vegna vinnulags stefnanda sjálfs, en í því efni vísar stefndi til þess að í júlí hafi einungis verið unnið í 17 virka daga af 22 og í ágúst einungis unnið í 13 virka daga af 21.

10. Stefndi kveðst byggja á því að hann hafi ekki verið látinn vita, hvorki formlega né óformlega, um að stefnandi hygðist gera sérstaka kröfu til þess að dráttur á framkvæmd verksins yrði reikningsfærður í andstöðu við samning aðila. Það dragi úr gildi málatilbúnaðar stefnanda, en við mat á réttmæti fullyrðinga hans beri að taka tillit til háttsemi hans við samningsgerð og á meðan unnið hafi verið samkvæmt samningi aðila. Í því samhengi vísar stefndi til þess að þeir verkfundir sem vísað sé til í stefnu hafi ekki verið formlegir en á þeim hafi engar athugasemdir komið fram af hálfu stefnanda vegna meintra tafa á verkinu. Stefndi hafi ekki heyrt af slíkum töfum fyrr en í apríl 2011.

11. Stefndi kveðst hafna því sem röngu og ósönnuðu að það hafi verið alfarið á ábyrgð stefnda að halda uppi mannskap og tækjum stefnanda í Vestmannaeyjum. Aðstæður stefnanda til verksins hafi verið mjög sveigjanlegar, starfsmenn stefnanda hafi ferðast á milli og hafi þeir ekki verið staddir í Vestmannaeyjum hafi þeir ekki verið kallaðir til nema það væri tilbúið fyrir þá verk að vinna. Stefndi hafi unnið að því með stefnanda að afla verkefna t.d. hjá Vinnslustöðinni hf. og

Vestmannaeyjabæ. Stefndi hafi í einhverjum tilvikum reynst dýrari í tilboðum og því ekki fengið þau verk en þó fengið einhver verk t.d hjá Ísfélagi Vestmannaeyja hf. og unnið slík verk jafnvel samhliða verki hans fyrir stefnda. Auk þess hafi stefnandi unnið annað verk fyrir stefnda á sama tíma sem hafi verið tvískipt, fyrri hlutinn hafi verið unninn vorið 2010 og sá síðari vorið 2011. Stefndi hafi í tengslum við það verk verið með tækjabúnað og mannafla í Vestmannaeyjum vorið 2010 og einnig frá miðjum mars og út maí 2011. Stefndi bendir á að ekkert liggi fyrir um að stefnandi hafi gætt að þeirri skyldu að takmarka hið meinta tjón sitt eða með hvaða hætti það hafi verið gert.

12. Stefndi hafnar því sem röngu og ósönnuðu að stefndi hafa stöðvað framkvæmdir verksins. Verkið hafi aldrei verið stöðvað, hvorki um stundarsakir né að fullu, enda sé ekki rökstutt nánar í stefnu með hvaða hætti stöðvun eigi að hafa átt sér stað. Verksamningnum hafi aldrei verið sagt upp eða hann afturkallaður, hvorki formlega né óformlega. Ekki hafi samningnum verið rift, hvorki af hálfu stefnanda né stefnda. Allt fram til móttöku reiknings þann 8. júní 2011 hafi stefndi talið að báðir aðilar hefðu innt sína skyldu af hendi með fullnægjandi hætti þannig að hvorugur aðili ætti kröfu á hinn.

Um skaðabótakröfu stefnanda

13. Stefndi kveðst hafna því sem röngu og ósönnuðu að hann hafi bakað stefnanda tjón með sagnæmum og ólögumætum hætti með því að hafa ekki „afhent verkið til stefnanda á umsömdum verktíma sem var frá júní 2010 til loka september sama ár“ og að tafir stefnda hafi í raun „stöðvað þar með framkvæmdir verksins“. Þegar sé komið fram að ekki hafi verið samið um fastan verktíma á verkinu og því ekki unnt að halda því fram að um afhendingardrátt hafi verið að ræða.

14. Í matsgerð sé ekkert mat lagt á ástæður meintra tafa á verkinu, þ.e. hve mikið verktíminn hafi lengst vegna atvika er hafi varðað matsbeiðanda og hann beri ábyrgð á, ástæðna sem matspoli hafi borið ábyrgð á eða ástæðna sem engin beri ábyrgð á en réttlæti engu að síður lengri verktíma, t.d. óhagstætt veðurfar. Þá sé ekki lagt sjálfstætt mat á þann kostnað sem stefnandi kveðist hafa orðið fyrir m.a. vegna aðstöðusköpunar fyrir starfsmenn sína og annan kostnað vegna þess að verktíminn hafi orðið lengri en stefnandi hafi talið að staðið hafi til. Sé matsgerðin m.a. af þessum sökum ótæk sem sönnunargagn í máli þessu.

-

Um 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986

15. Stefndi telur að 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 geti ekki átt við um samning aðila. Ákvæðinu sé ætlað að tryggja réttarstöðu neytenda og ógilda ósamngjörn samningsákvæði, en slíkt eigi ekki við í tilviki aðila máls þessa. Hér deili tveir lögaðilar um uppgjör sín í milli og sé því haldlaust að byggja á umræddri lagagrein.

16. Stefndi kveður stefnanda byggja á því að ef enginn fastur verklokátími hafi verið á verkinu beri að „víkja þeim atriðum í verksamningi aðila um (sic) til hliðar eða breyta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936“. Engar nánari útskýringar eða röksemdir sé að finna í stefnu um það hvaða ástæður eigi að leiða til þess að beita beri þessari heimild samningalaga og sé stefnda því óhægt um vik að verjast þeirri málsástæðu efnislega. Kveður stefndi að þessi heimild, sem feli í sér þrönga undantekningarreglu frá meginreglunni um samningsfrelsi og skuldbindingargildi samninga, geti á engan hátt átt við um samning aðila í máli þessu.

17. Stefndi hafnar því að túlkunarreglur verktakaréttar leiði til þess að stefndi geti ekki byggt rétt sinn á verksamningi aðila þar sem hann sé „ósamngjarn eða óhæfilega íþyngjandi“, enda liggi fyrir að samningur aðila sé grundvallaður á tilboði sem stefnandi hafi lagt fram á grundvelli eigin útreikninga. Þvert á móti leiði túlkunarreglur verktakaréttarins til þeirrar niðurstöðu að túlka beri skilmála eins samningsaðila, sem hafi samið þá einhliða, honum í óhag. Tilboð stefnanda, sem samið hafi verið af honum og á grundvelli mælinga hans, verði ekki túlkað þannig að það verði talið skuldbinda stefnda umfram það sem hann sannanlega samdi um.

18. Stefndi hafnar því að lög nr. 65/1993, um framkvæmd útboða, gildi um lögskipti aðila. Samningur aðila verði ennfremur ekki grundvallaður á lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 sbr. 1. og 3. gr. þeirra laga. Með sömu rökum að breyttu breytanda sé því hafnað að Íslenskur Staðall, ÍST30, eigi við um lögskipti aðila, enda hafi ekki verið ekki byggt á þeim staðli við gerð tilboðs stefnanda eða við framkvæmd samningsins að öðru leyti.

-

Málsmeðferð vegna matsgerðar

-

19. Stefndi byggir á því að á matsgerðinni í heild séu alvarlegir anmarkar sem snúi bæði að formi og efni hennar og leiði til þess hún sé ónothæf með öllu sem sönnunargagn í skilningi IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

20. Hinir formlegu annmarkar lúti aðallega að því að stefnda hafi ekki verið gefinn kostur á að kynna sér, né gera athugasemdir við, þau gögn málsins sem niðurstaða matsins byggir á, áður en matsmaður lauk álitinu sínu. Stefndi hafi verið boðaður á matsfund þann 2. maí 2012 og á þeim fundi lagt fram athugasemdir sínar við matsbeiðni. Á fundinum hafi m.a. komið fram að matsbeiðendur hygðust leggja fram viðbótargögn og að matsmaður hygðist boða til annars matsfundar. Getur stefndi þess sérstaklega að í tölvupósti lögmanns stefnda til matsmanns þann 7. maí 2012 hafi sérstaklega verið óskað eftir því að fá afrit af þeim viðbótargögnum og skýringum sem matsbeiðandi hugðist leggja fram og fá tækifæri til að gera athugasemdir við þau. Ekki aðeins liggi fyrir að slík viðbótargögn hafi verið afhent matsmanni án þess að stefnda hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um þau heldur hafi verið byggt á þeim að öllu leyti í niðurstöðu hins dómkvadda matsmanns.

21. Stefndi telur þannig fullljóst að ekki hafi verið staðið réttilega að matsgerðinni og þegar af þeirri ástæðu fullnægi matsgerðin ekki þeim kröfum sem gerðar séu í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. t.d. 2. mgr. 62. gr. laganna. Hafi matsgerðin því ekkert sönnunargildi í máli þessu. Getur stefndi þess sérstaklega að dómari sé óbundinn af niðurstöðu hins dómkvadda matsmanns, sbr. 2. mgr. 66. gr. og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

22. Um efnislega ágalla kveðst stefndi byggja á þeim athugasemdum sem lagðar hafi verið fram á matsfundi þann 2. maí 2012. Með vísan til þessa kveður stefndi að spurningar í matsbeiðni hafi verið óljósar og ómarkvissar og aðeins hafi verið á færi matsmanns að meta ákveðna þætti í matsbeiðni, s.s. hin eiginlegu einingaverð, en mat um önnur atriði væri í höndum dómara. Þá telur stefndi að matsmaður svari lögfræðilegum atriðum í matsgerð og séu því aðrir hlutar hennar litaðir af því að matsmaður gefi sér hinar ýmsu forsendur sem ekki séu réttar og svari spurningum sem ekki er að finna í matsbeiðni og er svar matsmanns við þriðju spurningu í matsbeiðni nefnt sem dæmi. Með því fari matsmaður út fyrir valdsvið sitt og matsgrundvöll eins og hann hafi verið afmarkaður af stefnanda. Þá sé sá hluti matsgerðar, sem bótakrafa stefnanda byggir á, aðeins byggður á tilvísun til forsendna matsbeiðanda sem séu órökstuddar með öllu. Fari því fjarri að lagt sé raunverulegt mat á það verk sem um ræðir og teljist rökstuðningur matsmanns því með öllu ófullnægjandi.

23. Stefndi kveðst gera alvarlegar athugasemdir við hið framkomna mat en hver og ein, svo og allar saman, leiði til þess að ekki sé unnt að byggja á niðurstöðu þess.

23.1. Stefndi telur matsmann strax í inngangskafli draga taum stefnanda, ítrekað sé um að ræða beinar tilvitnanir í matsbeiðni sem stangist á við frásögn stefnda. Þar sem ekki sé um að ræða óumdeild atriði hefði stefndi talið eðlilegt að geta jafnframt um athugasemdir stefnda við tilvitnaðar fullyrðingar þar sem slíkar

fullyrðingar liti alla frekari umfjöllun.

23.2. Í öðrum kafla, sem fjalli um matsfund, komi fram í lið vi) að matsmaður hafi óskað upplýsinga frá lögmanni matsbeiðanda á matsfundi, sbr. lið 14 í fundargerð matsfundar. Fram komi að þann 7. júní 2010, sem eigi væntanlega að vera 2012, hafi komið „tölvupóstur með tveim viðhengjum frá Teiti“. Matsþoli kveðst ekki kannast við að hafa verið kynnt umrædd gögn né gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau. Auk þessa vekur stefndi athygli á 15. lið fundargerðar þar sem fram komi að matsmaður muni „kalla saman annan matsfund og kynna fyrir málsaðilum sína heildarsýn yfir verkið, áður en hann hefjist handa við lokafrágang á matsgerðinni.“ Aldrei hafi þetta verið gert og hafi stefndi ekkert heyrt af málinu frá 10. maí 2012, þegar stefndi hafi sent aðilum umbeðnar upplýsingar sem óskað hafi verið eftir á matsfundi, þar til 8. janúar 2013 þegar afrit matsgerðarinnar hafi verið sent lögmanni stefnda.

23.3. Í þriðja kafla sé farið yfir framvindu verksins á þremur blaðsíðum og virðist þær upplýsingar unnar upp úr þeim dagskýrslum sem stefnandi hafi lagt fram. Stefndi telur hér matsspurningum á engan hátt svarað en þar sé ekki spurt um framvindu verksins. Lítið tillit sé tekið til athugasemda stefnda, en gögn frá stefnanda höfð til hliðsjónar við samantekt matsmanns á framvindu verksins. Stefndi ítrekar að þar sé um að ræða gögn sem matsþoli hafi hvorki fengið að kynna sér né gera athugasemdir við.

23.4. Í fjórða kafla sé fjallað um verktíma og komi þar réttilega fram í inngangsorðum að enginn verksamningur hafi verið gerður né samið sérstaklega um tímamörk verksins. Stefndi kveðst gera alvarlegar athugasemdir við 2. málsgrein í kafla 4.1 í matsgerð þar sem fram komi það mat matsmanns að: „*mjög ótrúverðugt [er] að enginn verksamningur hafi ekki [sic] verið gerður um verkið. Verkkaupi, matsþolar Skiplyftan [sic] ehf. og Bæjarfélag Vestmannaeyja voru sterkir aðilar, sem sömdu munnlega við verktaka með mun veikari stöðu.*“ Þá sé enn fremur gerð athugasemd við fullyrðingu matsmanns um að „*[ö]ll réttarfarsleg staða beggja málsaðila var fyrir borð borin...*“ Ekki verði séð að matsmaður teljist bær aðili að lögum til að meta framangreind atriði enda beri dómara að gera slíkt, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.

24. Stefndi vísar til þess að matsmaður svari einungis hluta af þeim spurningum sem fyrir hann hafi verið lagðar. Þeim spurningum sem sé þó svarað af hálfu matsmanns byggi á endursögn hans og því hvaða skilning hann leggi í spurningarnar. Stefndi telur að endursögn og túlkun matsmanns standist ekki. Hvað varðar þá spurningu sem kröfugerð stefnanda byggi á, nánar tiltekið spurningu nr. 1 um beint tjón, þá telur stefndi að afstaða matsmanns byggi á gögnum sem send hafi verið honum eingöngu en ekki stefnda og hafi stefndi því ekki getað gætt hagsmuna sinna við gerð matsins. Hvað varði hið efnislega mat hins dómskvadda matsmanns, þá bendir stefndi á að svarið felist í raun einungis í tilvísun, þ.e. matsmaður byggi niðurstöðu sína á að „vísa í töfluna hér að ofan“. Í svari við fyrstu spurningu í

matsbeiðni virðist matsmaður ekki hafa lagt neitt sjálfstætt mat á meint uppgjör heldur vísi hann einungis til þessa „uppgjors“ um svar sitt. Umrætt uppgjör sé í raun ekki annað en tafla yfir útlagðan kostnað stefnanda sem byggji á upplýsingum úr fylgiskjölum frá stefnanda og sem stefndi hafi ekki fengið aðgang að við gerð matsgerðarinnar. Engar forsendur liggi fyrir og engin gögn, s.s. greiðslukvittanir vegna gisti- ferða- og fæðiskostnaðar, svo og launaseðlar starfsmanna, til stuðnings þeim fjárhæðum sem þar sé að finna. Hafi það og sérstaka þýðingu í ljósi þess að auðvelt ætti að vera að leggja fram gögn er sýni að stefnandi hafi sannanlega lagt út fyrir þeim kostnaði sem hann krefji stefnda um. Stefndi kveðst byggja á því að matsgerðin sé að þessu leyti ekki reist á staðreyndum sem stefnanda hafi verið í lófa lagið að leggja fyrir hinn dómkvadda matsmann heldur á órökstuddum og ósönnuðum fullyrðingum. Stefndi telur að matsgerðin geti því ekki komið að haldi til sönnunar á tjóni stefnanda og ekki sé unnt að byggja á henni við úrlausn málsins.

25. Sé því ljóst að form- og efniságallar séu á forsendum og niðurstöðu hins dómkvadda matsmanns og því sé ekki unnt að byggja á henni hvað varði efnislega niðurstöðu.

Um kröfugerð stefnanda

26. Stefndi telur kröfugerð stefnanda ábótavant í verulegum atriðum. Sundurliðun dómkröfu sé með öllu órökstudd og engir reikningar eða útlistun á útlögðum kostnaði, sem skaðabótakrafan byggji á, liggi fyrir. Umfjöllun í matsgerð bæti þar engu við en niðurstaða hennar byggji alfarið á órökstuddri kröfugerð stefnanda.

Um lagarök kveðst stefndi vísa til meginreglna samningaréttar og kröfuréttar s.s. um efnidir samninga, meginreglna verktakaréttar og skaðabótaréttar. Varðandi málskostnað vísar stefndi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu á kr. 10.010.000, sem hann kveður vera tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna ofangreinds verks sem hann hafi tekið að sér samkvæmt samningi við stefnda. Hafi tjónið falist í auknum kostnaði sem hafi fram úr áætlunum vegna þess að stefndi hafi vanefnt samninginn fyrir sitt leyti með því að afhenda ekki verkið til stefnanda á réttum tíma. Kveðst stefnandi þannig byggja kröfur sínar á reglum um skaðabætur innan samninga vegna vanefnda stefnda.

Byggir stefnandi á því að um ákveðinn verktíma hafi verið samið og að stefndi hafi samkvæmt því átt að afhenda sér verkið á umsömdum verktíma frá júní til

september 2010. Hefur stefndi neitað þessu og kveður að ekki hafi verið samið um neinn tiltekinn verktíma og að öllum aðilum hafi verið ljóst að ætlast væri til þess að verkið yrði unnið eftir aðstæðum en verkþáttur stefnanda hafi verið síðastur í röð annarra verkþátta sem önnur fyrirtæki og aðilar hafi séð um.

Skrifleg gögn í málinu um samning aðila eru afar rýr. Fram hefur verið lagt í málinu skriflegt tilboð sem stefnandi gerði stefnda vegna verksins. Er það ódagsett og óundirritað. Segir í fyrirsögn að um sé að ræða tilboð í sandblástur og málun Skipalyftu Vestmannaeyjum. eru gefin upp einingaverð per fermetra á sandblástur, epoxy sink, epoxy þykk og epoxy lakk. Segir að verð séu án virðisaukaskatts og sandblástur í „SA 2.5“ og þvottur ekki innifalinn. Segir ekkert annað í skjalinu en þetta, þ.m.t. ekkert um verktíma, annan kostnað, forsendur að baki tilboðinu eða annað. eru engir fyrirvarar í skjalinu um þessi atriði eða nein önnur.

Til fyllingar hinu skriflega tilboði hefur stefnandi lagt fram skjal sem er á enskri tungu, með fyrirsögninni „refurbishment of syncrolift shiplift“ og er tímasett í mars 2010. kemur þar fram ýmislegt um þær kröfur sem gerðar eru til efnisnotkunar og efnisþykktar, sem og vinnubragða sem ætlast sé til að verði viðhöfð við verkið. Ekkert kemur hins vegar fram í skjalinu hversu langan tíma gert sé ráð fyrir að verkið muni taka eða hvenær verkinu eigi að vera lokið í síðasta lagi. Þá liggur ekkert fyrir handfast um það í málinu hvort um hafi verið að ræða raunveruleg útboðsgögn eða hvort tilboðið hafi verið gert á grundvelli eða með hliðsjón af téðu skjali. Rennir skjal þetta þannig ekki stoðum undir kröfugerð og fullyrðingar stefnanda í málinu.

Þá hefur stefnandi lagt fram afrit af fundargerð verkstöðufundar þann 25. ágúst 2010. Segir þar m.a. að farið hafi verið yfir verkáætlanir þar sem verkið sé á eftir áætlun. Kveður stefnandi þetta sýna glögglega að um tiltekinn verktíma hafi verið samið. Stefndi átti ekki fulltrúa á verkstöðufundi þessum. Ekki hefur verið lagður fram í málinu neinn samningur milli stefnda og Vestmannaeyjabæjar eða án annan hátt sýnt fram á að milli þeirra hafi verið samið um tiltekinn verktíma. Í framburði Ólafs Friðrikssonar, stjórnarmanns stefnda, sem sat téðan verkstöðufund, kom fram að ekki hafi verið sett niður neitt um verktíma og aldrei hafi verið sett nein eða rætt um nein tímamörk á verkinu af hálfu bæjarins. Friðrik Björgvinsson, fyrrverandi verkefnastjóri Vestmannaeyjabæjar, sem einnig sat téðan verkstöðufund, bar um það við aðalmeðferð að ekki hafi verið neitt „deadline“ á verkinu. Ólafur Þór Snorrason framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar bar um það við aðalmeðferð að aldrei hafi verið raunveruleg áætlun um að verkinu yrði lokið á ákveðnum tíma og að ekki hafi verið ákveðið að verkþætti stefnda skyldi ljúka í september 2010. Hafi verið meira lagt upp úr því að kostnaðaráætlun við verkið stæðist frekar en að einhver ákveðinn tími væri á verklokum. Einmitt þess vegna hafi verið óskað eftir tilboði sem byggt væri á einingaverði.

Þá hefur stefnandi vísað til fundargerðar bæjarstjórnar Vestmannaeyja 22. október 2009 þar sem fram kemur að bæjarstjórn hafi samþykkt að taka þátt í endurbyggingu upptökumannvirkja skipalyftunnar og miðað sé við að endurbyggingunni verði að fullu lokið á árinu 2010, en þetta renni stoðum undir það að ákveðin umsamin verklok hafi verið á verkinu líkt og stefnandi heldur fram. Að virtum framangreindum framburði Ólafs Þórs Snorrasonar framkvæmdastjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar verður ekki talið, gegn

neitun stefnda, að í fundargerðarinni felist nokkur sönnun fyrir því að milli stefnanda og stefnda hafi verið samið um tiltekin verklok eða verktíma á verki því sem stefnandi vann fyrir stefnda.

Að framangreindu virtu verður ekki talið að stefnanda hafi tekist sönnun þess að um það hafi verið samið í upphafi að verkið yrði unnið á tilteknum tíma eða að því ætti að vera lokið fyrir tiltekið tímamark. Þvert á móti virðast gögn málsins benda til þess að gert hafi verið ráð fyrir því að verkið yrði unnið eftir því sem aðrir verkþættir annarra gengju fram, en fram hefur komið að verkþáttur stefnanda var síðastur í röð fleiri verkþátta og að ýmis fyrirtæki og einstaklingar í Vestmannaeyjum komu að verkinu. Til þess ber jafnframt að líta að stefnandi útbjó sjálfur sitt tilboð og hafði allt ákvörðunarvald um það hvað í því fælist. Hafi vilji hans og forsendur staðið til þess að verkið yrði allt unnið í einni samfellu og að því yrði lokið fyrir ákveðinn tíma var honum í lófa lagið að útbúa tilboð sitt á þann veg, en það gerði hann ekki. Þá liggur ekkert fyrir um að stefnandi hafi kynnt stefnda einhverjar slíkar forsendur við samningsgerðina.

Stefnandi kveður að stefndi beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þess að stefndi hafi ekki afhent sér allt verkið á umsömdum tíma og með því stöðvað framkvæmdir við verkið. Hafi stöðvunin verið alfarið á ábyrgð stefnda. Vísar stefnandi m.a. til ÍST 30 til stuðnings þessu. Á þetta fellst dómurinn ekki. Hér að framan var að því komist að ekki hafi verið um að tefla eða samið um neinn ákveðinn verktíma. Í framburði Ólafs Friðrikssonar stjórnarmanns stefnda kom fram að það hafi verið öllum ljóst frá upphafi að verkið yrði unnið af mörgum aðilum og eins og það lá fyrir á verjum tíma og væri hver verkþáttur öðrum háður í tímaröð, en þetta nýtur ríkulegs stuðnings í framburði Friðriks Björgvinssonar fyrrverandi verkefnastjóra Vestmannaeyjabæjar og Ólafs Þórs Snorrasonar framkvæmdastjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar. Verður ekki talið við þessar aðstæður að stefndi hafi getað borið á því skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda að verkið skyldi ekki allt vera tilbúið í einu lagi. Ljóst virðist að við tilboðsgerð stefnanda, sem og við samningsgerð aðilanna, var ekkert litið til eða höfð hliðsjón af ákvæðum ÍST 30, hvorki um þetta né annað og verður skaðabótaábyrgð ekki byggð á ákvæðum hans að þessu leyti eða ákvæði hans talin efnislegur hluti samnings aðila málsins.

Þá hefur stefnandi byggt á því að það sé ósanngjarnt af stefnda að bera það fyrir sig að enginn verklokátími hafi verið ákveðinn, en þetta sé ósanngjarnt vegna þess mikla kostnaðarauka sem leitt hafi af töfum á verkinu. Þá sé ljóst að ef enginn verklokátími hafi verið ákveðinn þá bresti forsendur tilboðs stefnanda og beri því að víkja þeim ákvæðum verksamningsins til hliðar eða breyta á grundvelli verksamnings aðila. Vísar stefnandi til þess að leitast skuli við að koma í veg fyrir að annar aðili geti byggt á verksamningi sem telja megi ósanngjarnan eða óhæfilega íþyngjandi fyrir viðsemjanda hans og að stefndi verði að bera hallann af því að hafa ekki kveðið skýrt á um verktíma og verkáætlun í útboðsgögnum. Á þetta fellst dómurinn ekki. Til þess ber að líta að um er að tefla tvo lögaðila sem gerðu samning sín á milli á sviði atvinnurekstrar sem báðum var kunnugur. Stefnandi gerði sjálfur sitt tilboð og hafði á því allt forræði hvað kom fram í tilboðinu, bæði um verklok og önnur efnisatriði, sem og um á hvaða forsendum það væri gert. Þá verður að líta til þess að um er að ræða verksamning sem er á sviði atvinnurekstrar stefnanda og hann því kunnugur slíkri samningsgerð og verktöku.

Að framansögðu virtu verður því hafnað að stefndi beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir í málinu, en þess ber raunar að geta að um tjón stefnanda er allt ósannað enda liggur það fyrir að matsgerð hins dómkvadda matsmanns er um fjárhæðir byggð á gögnum sem stefnandi kom einhliða á framfæri við matsmann eftir að matsfundur var haldinn og stefnda var ekki gefinn kostur á að tjá sig um eða kynna sér, en jafnframt hefur komið fram að matsmaður naut ekki frumgagna um ætlað tjón, s.s. um vinnulaun og húsaleigukostnað, heldur byggði niðurstöður sínar á tölum sem voru ekki studdar neinum gögnum en sem stefnanda hefði átt að vera auðvelt að afla.

Verður því stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað og þykir hann hæfilega ákveðinn 1.300.000 kr.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Skipalyftan ehf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Fúsa ehf.

Stefnandi greiði stefnda 1.300.000 kr. í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason